



## Faghópur II

### Fundargerð 29. fundar

Orkugarði 9. desember 2009, kl. 13:00-18:30

**Mætt:** Anna G. Sverrisdóttir, Anna Dóra Sæþórsdóttir (kl. 15:00-18:30), Friðrik Dagur Arnarsson (kl. 15:00-18:30), Guðni Guðbergsson (13:00-15:00), Jóhannes Sveinbjörnsson (kl. 13:00-15:00), Ólafur Örn Haraldsson (kl. 15:30-18:00), Rögnvaldur Ólafsson (15:00-18:30), Sveinn Runólfsson (kl. 13:00-16:00) og Tómas Þór Tómasson sem skrifaði fundargerð.

**Gestur:** Ólafur Nielsen frá Náttúrufræðistofnun.

#### Fundarfrásögn:

1. **Fundargerðir** voru ekki afgreiddar á fundinum. Fundargerð vegna vinnufundar Jóhannesar og Sveins á Keldnaholti í síðustu viku vantar.
2. **Mat á skotveiðihlunnindum.** Ólafur Nielsen, vistfræðingur hjá Náttúrufræðistofnun, mætti á fundinn sem sérfræðingur um skotveiði á fuglum. Eftirfarandi kom fram í máli hans:
  - a. Á landinu eru 11 tegundir fugla sem veiddir eru af skotveiðimönnum. Fimm þessara tegunda skipta mestu máli og þar fer langmest fyrir rjúpu,
  - b. Síðustu ár hafa veiðst á bilinu 40-100 þúsund rjúpur (gert ráð fyrir rúmlega 70.000 í ár) en þegar veiðin var mest voru skotnar 300-400 þúsund rjúpur á ári. Stofninn telur nú ca 700-800 þúsund fugla. Rjúpan dreifist um nær allt land, er þurrlandis fugl, uppeldissvæði eru á láglendi og á lágum heiðarlöndum. og varpsvæði er mjög dreift. Hún virðist laga sig að breyttum aðstæðum og lón eru ekki líkleg til að hafa mikil áhrif. Erfitt er að benda á einn virkjunarkost sem hafi meiri áhrif á rjúpunna en annar. Algengasta dánarorsök fugla sem tengist virkjunarframkvæmdum eru raflínur en girðingar drepa ekki síður. Segja má að betri vegir og aðgengi að veiðilendum sem áður voru torsótt stuðli að meiri veiði og geti þannig haft einhver áhrif á stofnstærð..
  - c. Hérlandis eru veiddar 3 gæsategundir: a) *Grágæs*. Veiddir eru um 30 þús. fuglar á ári og grágæsin heldur sig aðallega á ræktarlandi á láglendi). b) *Heiðagæs*. Hálendisfugl og veiddir eru um 10-15 þús. fuglar á ári. Verða fyrir mestu áhrifum þegar ný lón færa varpstæði, uppeldisstöðvar og bithaga á kaf. Stofninn hefur stækkað verulega undanfarna áratugi (ca tífaldast á 60 árum og telur nú 300-400 þúsund fugla) og dreift sér víða um hálendið. c) *Helsingi*. Veiddir eru ca 5-10 þús. fuglar á láglendi.

- d. Loks eru veiddar nokkrar andategundir en þar eru veiðitölur mun lægri. Aðallega er veitt á láglandi og með ströndum fram. Mest er skotið af stökkönd eða um 10 þúsund fuglar og helst er veitt á láglandi (votlendi) og við strendur.
- e. Til að meta hugsanleg áhrif einstakra virkjunarkosta á skotveiði þarf að kalla til staðkunnuga menn. Þó má fullyrða að áhrif vatnsaflsvirkjana eru mun meiri en háhitavirkjana.

Samstaða var um að örðugt væri að setja fram mat á skotveiði-hlunnindum í töfluformi og samkvæmt þeirri aðferðafræði sem stuðst er við. Best væri að afgreiða þennan þátt með almennum orðum í texta en benda á að mat á beit gæfi vissar vísbendingar um þessi áhrif, t.d. beitarland (gróið land) sem fer undir lón.

**3. Hlunnindamat veiða.** Almenn umræða um í hvaða mynd faghópurinn ætti að skila niðurstöðum sínum. Auk forgangsröðunar virkjunarkosta út frá hagsmunum faghópsins mun fylgja skýrsla sem gerir grein fyrir forsendum mats og vinnuferli hópsins. M.t.t. þess umsagnarferlis sem stefnt er að um lokaniðurstöður rammaáætlunar er mikilvægt að vandað verði til skýrslunnar. Einnig var litið stuttlega til spendýra, helst hreindýra, en virkjunarkostir 2. áfanga rammaáætlunar munu lítið sem ekkert koma við þau.

Guðni lagði fram endurskoðað og aukið mat á veiðum í ám og vötnum þar sem bæði var litið til verðmæta og áhrifa. Guðni mun senda þessi gögn á faghópinn og hugsanlega hitta Hákon Aðalsteinsson og fá hans mat (mun upplýsa hópinn ef af slíkum fundi verður og bjóða þeim sem vilja þátttöku).

**4. Ferðapjónusta og útivist.** Anna Sverrisdóttir lagði fram yfirlit yfir röðun svæða út frá verðmætaeinkunnagjöf til þessa. Þá var rætt um skilgreiningu svæða og nafngiftir þeirra sem og mikilvægi þess að afmörkunin væri gegnsæ og auðskiljanleg.

Þá tók við verðmæta og áhrifsmat Geysissvæðis og svæða á neðri hluta Þjórsár. Tókst að ljúka mati á Geysi, Urriðafossvirkjun og Hvammsvirkjun. Í matsferlinu voru gerðar nokkrar breytingar á undirviðföngum:

- a) „Veðursæld“ verður sleppt.
- b) „Hljóð“ verður aðeins metið ef það skiptir miklu máli.
- c) „Ferðamynstur“ verður felld undir „Hluti af stærri heild“.
- d) „Önnur afþreying“ verður aðeins metin ef hún skiptir miklu máli.
- e) „Ímynd“ verður aðeins metin ef hún skiptir miklu máli.
- f) „Áskorun“ verður aðeins metin ef hún skiptir miklu máli.

Farið var yfir tillögu Önnu Dóru um skiptingu norðaustursvæðis í undirsvæði

**5. Fundi var slitið** kl. 18:30.

**6. Næsti fundur** er vinnufundur í Gunnarsholti 16.-17. des. Allir hópmeðlimir munu taka þátt í þeirri ferð nema Ólafur.